

Sp.

127. Tillaga til þingsályktunar

[105. mál]

um nefndastörf ráðherra.

Fhm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það telur óheppilegt og óviðeigandi, að ráðherrar sitji í stjórnnum eða stjórnarsýslunefndum, sem lúta yfirstjórn eða eftirliti ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra.

Greinargerð.

Það hefur tíðkast hér á landi, að ráðherrar sætu í stjórnnum og stjórnarsýslunefndum, sem þeir sjálfir eða aðrir ráðherrar hafa yfir að segja, ýmist með yfirumsjón, eftirliti, úrskurðarvaldi eða á annan hátt, sem æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins. Það er t. d. algengt, að ráðherrar sitji í bankaráðum og stjórnnum fjárfestingarsjóða, svo að dæmi séu nefnd. Með þessu fá ráðherrar óeðlilega áhrifaáðstöðu og geta naumast sem æðra stjórnvald litið eftir á hlutlægt á þau mál, sem þeir hafa þannig haft bein afskipti af á lægra stjórnarstigi. Hér er því vægast sagt um óæskilega og óheppilega stjórnarhætti að ræða, enda munu þeir nær óþekktir í nálægum löndum.

Hér er ekki við núverandi ráðherra eina að sakast. Flestir eða allir stjórnsmálaflokkar munu eiga hér nokkra sök. Þó mun þessi ósiður hafa færzt í vöxt á síðustu árum. Frá þessum starfsháttum þarf að hverfa. Þeir eru óheppilegir og geta reynzt varhugaverðir. Hér er þó ekki lagt til, að þeir séu bannaðir með lagasetningu, heldur er látið við það sitja, að Alþingi lýsi vilja sínum í þessu efni. Verður að vona, að það nægi til þess, að nýir hættir verði upp teknir.

Nánar í framsögu.